

Ferðavenjur sumarið 2018

Unnið fyrir Vegagerðina



**Land-
ráð sf**

Dr. Bjarni Reynarsson

Skipulagsfræðingur

Október 2018

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Inngangur.....	4
A: Ferðir út fyrir búsetusvæði.....	6
B: Innanlandsflug.....	14
C: Ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu.....	19
Viðauki I: Spurningalisti.....	30
Viðauki II: Kannaniri Land-ráðs sf á ferðavenjum.....	31

Forsíðumynd: Umferð á Miklubraut. Heimild: Reykjavíkurborg

Höfundur skýslunnar ber einn ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar.

Ágrip

Helstu niðurstöður þessarar könnunar á ferðavenjum sumarið 2018 eru eftirfarandi:

Ferðir út fyrir sveitarfélag.

- Heldur dró úr meðalfjölda ferða út fyrir búsetusvæði sumarið 2018 borið saman við fyrri kannanir. Þetta á sérstaklega við um höfuðborgarsvæðið – hafði rigningin þessi áhrif?
- Einkabíllinn var notaður í 87% ferða sem er svipað og áður. 8% fóru sem farþegar í bíl og um 5% með strætó eða flugi.
- Heldur dró úr notkun strætó sumarið 2018 borið saman við fyrri kannanir.
- Um 22% svarenda, eða helmingi fleiri en 2014, töldu að fjöldi erlendra ferðamanna hafi haft áhrif á ferðaáætlanir sumarið 2018.
- Flestir svarenda vilja sjá auknar framkvæmdir í samgöngumálum í sínum landshluta. Jarðgöng úti á landi, tvöföldun stofnbrauta út frá höfuborgarsvæðinu og umbætur á stofnbrautakerfinu á höfuðborgarsvæðinu.

Innanlandsflug.

- Notkun innanlandsflugs stendur í stað miðað við fyrri kannanir - 1,8 ferðir að meðaltali allra notenda. Nokkur aukning er þó á flugi frá landsbyggðakjörnum – 4,9 ferðir á ári að meðaltali.
- Flug til útlanda hefur farið stigvaxandi á síðustu árum. Var 3 ferðir að meðaltali á ári 2018.
- Meirihluti landsmanna vill flugstarfsemi áfram í Vatnsmýri en meirihluti svarenda á höfuðborgarsvæðinu vill flugið burt úr Vatnsmýri.
- Flestir farþegar í innanlandsflugi eiga erindi í Reykjavík vestan Elliðaárósa, aðallega í miðborginni.

Ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu.

- Meðaltími ferða milli heimilis og vinnu hefur farið stigvaxandi síðasta áratuginn. Var 9 og hálf mínúta 2007 og kominn í rúmar 14 mínútur sumarið 2018.
- Notkun einkabílsins hefur verið að vaxa frá 2014 eftir samdrátt árin á undan. 79% ferða sumarið 2018 voru farnar sem bílstjóri í eigin bíl.
- Svarendur sem búa í eða nærri miðborginni ganga og hjóla meira en aðrir svarendur á höfuðborgarsvæðinu.
- Flestir svarendur vilja sjá auknar umbætur á stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins. Áhugi fyrir fleiri og betri stígum og bættri þjónustu strætó er minni en í fyrri könnunum.
- Vaxandi áhugi er fyrir borgarlínu (hraðvagnakerfi), sérstaklega í eldri hverfum Reykjavíkur. Svarendur sem búa í ytri byggðum vilja frekar sjá umbætur á stofnbrautakerfinu.
- Rúmlega helmingur svarenda telur að umbætur á stofnbrautakerfinu dugi best til að draga úr umferðartöfum á höfuðborgarsvæðinu.

Inngangur

Könnun þessi er unnin að frumkvæði samgönguyfirvalda og kostuð af Vegagerðinni. Þar sem Land-ráð sf hefur frá 2005 unnið kannanir fyrir samgönguyfirvöld á ferðavenjum landsmanna eru til ágæt samanburðargögn til að meta hvaða breytingar hafa helst orðið á ferðavenjum landsmanna síðustu árin.

Könnunin fór fram 7. – 24. September 2018. Hún tekir til ferða sumarmánuðina júní, júlí og ágúst. Um er að ræða netkönnun meðal álitsgjafa MMR. Úrtakið var valið með tilviljunaraðferð. Alls svöruðu 1385 manns könnuninni. Spurningalistinn samanstóð af 25 spurningum. Spurningarnar eru að mestu þær sömu og í fyrri viðhorfskönnunum um ferðavenjur með nokkrum viðbótum. Sá MMR um öflun upplýsinga og frumvinnslu tölfraðilegra gagna og höfundur um skýrslugerð þ.e. túlkun niðurstaðna í texta og línuritum.

Spurningar skiptast í þrjá meginflokka:

A: ferðir út fyrir sveitarfélag (búsetusvæði).

B: Notkun innanlandsflugs.


C: Ferðavenjur innan höfuðborgarsvæðis.

Könnunarstaðir eru einnig þeir sömu og í fyrri könnunum;

Jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins:

(Árborg, Reykjanesbær og Akranes)

Þrjár landsbyggðarkjarnar (Ísafjörður, Akureyri og Egilsstaðir).




Höfuðborgarsvæðið (skipt í 4 borgarluta).



A: Ferðir út fyrir sveitarfélag eða búsetusvæði


Fjöldi ferða út fyrir búsetusvæði.

Ekki er mikill munur á meðalfjölda allra ferða út fyrir búsetusvæði sumarið 2018 borið saman við síðustu sumarkönnun 2014 þ.e. 12 ferðir 2018 og 11 ferðir 2014. Fyrir bankahrun var meðalfjöldi ferða yfir sumartímann heldur meiri eða 14 – 15 ferðir. Fjöldi ferða að vetrarlagi hefur einnig fækkað var aðeins 8 ferðir á meðaltali veturinn 2015 – 2016. Miðgildi ferða 2018 voru 5 ferðir svo að töluverður hópur fer oft út fyrir búsetusvæðið vegna vinnu sem dregur upp meðalfjölda ferða.



Mynd 1

Þegar ferðir út fyrir búsetusvæði eru skoðaðar eftir könnunarstöðum kemur í ljós að meðalfjöldi ferða út fyrir höfuðborgarsvæðið hefur farið stíglækkandi allt frá 2007, voru 12 ferðir yfir sumartímann 2007 en aðeins 6 sumarið 2018. Slæmt veður á höfuðborgarsvæðinu sumarið 2018 getur án efa skýrt að hluta til fækkun ferða þaðan. Aftur á móti eru ferðir út frá jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins svipaðar síðustu ár eða rúmlega 20 ferðir á þremur mánuðum sem flestar munu vera til höfuðborgarsvæðisins.




Mynd 2

Ferðum frá landsbyggðakjörnunum þremur fer fjölgandi frá 2010 þegar þær voru færstar. Svarendur á Ísafirði og Egilstöðum fara mun oftast út fyrir búsetusvæði en Akureyringar. Svarendur í Árborg fara oftast út fyrir búsetusvæði en svarendur í öðrum jaðarbyggðum. Karlar fara mun oftast út fyrir búsetusvæði en konur og svarendur með starfsmenntun oftast en aðrir.

Ferðamáti út fyrir búsetusvæði.

Notkun einkabílsins til ferða út fyrir búsetusvæði minnkaði eftir bankahrun 2008, var 88% allra ferða sumarið 2007 en 85% 2010 og 83% 2014. Í þessari könnun fyrir sumarið 2018 hefur hlutfall ferða með einkabíl vaxið í 87 % allra ferða þ.e. svipað hlutfall og fyrir hrun. Hlutfall annarra ferðamáta hefur lítið breyst á umræddu tímabili, nema að hlutfall þeirra sem ferðast yfirleitt sem farþegar í einkabíl hefur vaxið frá 2007 úr 4% það ár í 10% 2014 og dalað í 8% sumarið 2018. Það er yngra fólk og konur sem fara oftast sem farþegar í einkabíl. Svarendur sem ferðast yfirleitt með innanlandsflugi eða með strætó/rútu hafa verið 3% til 4% þetta tímabil. Að vetrarlagi ferðast heldur fleiri sem farþegar í bíl og með flugi en að sumri.




Mynd 3

Á mynd 4 er hlutfall þeirra sem ferðast yfirleitt á einkabíl út fyrir búsetusvæði brotið niður á félagshópa og eftir búsetu. Ekki er verulegur munur á körlum og konum, en yngra fólk notar mun meira aðra ferðamáta en þeir sem eldri eru, reyndar vex notkun einkabílsins með hækkandi aldri. Svarendur í jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins nota einkabílinn mun meira en svarendur á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðakjörnunum. Stór hluti ferða frá jaðarbyggðum er án efa vegna vinnu á höfuðborgarsvæðinu og vilja svarendur líklega komast beint á vinnu- eða þjónustustað með einkabílnum fremur en að nota almenningsvagna innan höfuðborgarsvæðisins til að komast á áfangastað.

Svarendur á Akureyri ferðast mun oftast sem farþegar í bíl en svarendur í hinum landsbyggðakjörnunum eða 13% allra ferða. Svarendur á Egilsstöðum nota oftast innanlandsflug en svarendur í hinum landsbyggðakjörnunum eða 6%. Svarendur með lágar tekjur nota strætó/rútur


mun meira en aðrir og notkun einkabílsins vex með auknum tekjum. Notkun innanlandsflugs vex með aukinni menntun.



Mynd 4

Meðalfjöldi ferða með strætó út fyrir búsetusvæði sumarið 2014.


Um 94% svarenda fór ekki með strætó út fyrir búsetusvæðið sumarið 2018. Um 6% allra svarenda notaði þessa þjónustu sumarið 2018 sem er nokkuð lægra en sumarið 2014 8%. Hlutfallslega flestir notendur eru ungt fólk og svarendur búsettir í jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins. Umtalsverð fækkun er á notkun strætó frá jaðarbyggð 2018 borið saman við sumarið 2014. Sama má segja um svarendur í landsbyggðakjörnunum.



Mynd 5

Meðalfjöldi ferða allra þeirra sem notuðu strætó 2018 var 5,1 ferð þessa þrjá sumarmánuði. Miðgildi allra ferða með strætó 2018 eru 2 ferðir. Athygli vekur hve margir sem notuðu strætó voru á aldrinum 30 til 49 ára, en ungt fólk undir þrítugu fór aðeins rúmlega 3 ferðir á meðaltali. Líklega


notar þetta fólk á miðjum aldri strætó til vinnu í öðru byggðarlagi. Hlutfallslega fáir svarenda á höfuðborgarsvæðinu notaði strætó til ferða út fyrir búsetusvæðið, að meðatali 1,8 ferðir. Strætó var notaður lang mest af svarendum í jaðarbyggð eða tæplega 8 ferðir þessa þrjá sumarmánuði og svarendur í landsbyggðakjörnum 5,6 ferðir að meðaltali. Athygli vekur mismunur milli jaðarbyggða, mikil notkun strætó í Árborg 11 ferðir, 6 ferðir frá Akranesi en aðeins 1 ferð frá Reykjanesbæ.



Mynd 6

Hve oft fórst þú til höfuðborgarsvæðisins sumarið 2018?

Ferðafjöldi til höfuðborgarsvæðisins frá landsbyggðinni dróst saman eftir bankahrún 2008, en fer nú aftur vaxandi. Þetta á sérstaklega við um ferðir frá jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins, þaðan voru farnar 23 ferðir að meðaltali sumarið 2018. Svarendur í landsbyggðakjörnunum þremur fara 2 – 4 ferðir yfir sumartímann að meðaltali og hefur það ekki breyst frá 2007. Miðgildi ferða frá jaðarbyggð 2018 voru 12 ferðir og 2 frá landsbyggðakjörnum.




Mynd 7

Meira en helmingur svarenda í Reykjanesbæ og Akranesi fóru fleiri en 15 ferðir til höfuðborgarsvæðisins sumarið 2018. Eldra fólk fór sjaldnar en þeir yngri og rúm 20% svarenda á Egilsstöðum heimsótti ekki höfuðborgina sumarið 2018.

Ferðaðist þú meira eða minna í sumar 2018 en sumarið 2017.


Meira en helmingur svarenda ferðaðist svipað innanlands sumarið 2018 og sumarið 2017. Um þriðjungur minna og aðeins 15% meira. Reyndar var sumarið 2018 óvenju votviðrasamt á suðvesturhluta landsins sem hefur án efa dregið úr löngun fólks til að ferðast innanlands. Þessar tölur eru svipaðar og í könnunum fyrir sumarið 2014 og 2010. Meirihluti landsmanna telur sig ferðast svipað innanlands á hverju sumri. Ekki er mikill munur eftir landshlutum hvað þetta varðar. Það er helst að yngsti aldurshópurinn segist hafa ferðast meira um landið sumarið 2018 en 2017.



Mynd 8

Hafði fjöldi erlendra ferðamanna áhrif á ferðaáætlanir þínar sumarið 2018?

Um 22% svarenda 2018 telur að fjöldi erlendra ferðamanna hafi haft áhrif á ferðaáætlanir sínar sumarið 2018 sem er tvöföldun frá könnun fyrir sumarið 2014. Ekki er mikill munur eftir aldri




Mynd 9

svarenda en um þriðjungur svarenda í landsbyggðakjörnum telur að fjöldi erlendra ferðamanna hafi haft áhrif á ferðaáætlanir sínar sem er mikil aukning frá 2014 þegar 13% töldu svo vera.

Hvaða áhrif?

Sumarið 2018 sögðust 68% svarenda hafa hætt við að heimsækja vinsælan ferðamannastað vegna fjölda erlendra ferðamanna sem er reyndar nokkuð lægra hlutfall en 2014 76%. Um 23% ákváðu að ferðast frekar erlendis sumarið 2018 og gæti slæmt tíðafar suðvestanlands hafa haft eitthvað um það að segja. 16% merktu við að þau hefðu ekki fengið gistingu þar sem allt var fullbókað af erlendum ferðamönnum og 10% nefndu vandræði með að fá borð á veitingastað af sömu ástæðu.




Mynd 10

Undir annað komu ábendingar eins og að Suðurlandið væri yfirfullt af ferðamönnum á sumrin. Nokkrir nefndu að þeir hafi valið að ferðast utan háannatíma í umferðinni. Vegir bæru ekki þessa þungu umferð Suðvestanlands. Nokkrir svarendur sögðust forðast staði eins og Þingvöll, Gullfoss og Geysi vegna fjölda erlendra ferðamanna þar. Þá var minnst á að erlendir ferðamenn væru hættulegir í umferðinni, stoppuðu iðulega á miðjum vegum til að taka myndir.


Mikilvægasta framkvæmd við samgöngukerfið næstu misseri.

Mikill þrýstingur hefur verið á samgönguyfirvöld síðustu ár að bæta vegakerfi landsins, því að eftir hrun dró bæði úr nýframkvæmdum og viðhaldi vega. Þetta endurspeglast í mynd 11. Vaxandi þrýstingur er á að auka viðhald og bæta Hringveginn, um 20% svara 2018. Með núverandi framkvæmdum við Dýrafjarðar- og Vaðlaheiðargöng nefna hlutfallslega færri jarðgöng á landsbyggðinni en í síðustu tveimur sumarkönnunum. Sama á við Suðurlandsveg til Selfoss vegna framkvæmda síðustu misseri nefna hlutfallslega færri þessa framkvæmd. Aftur á móti er komin vaxandi krafa um úrbætur á Vesturlandsvegi út frá höfuðborgarsvæðinu (ekki með í fyrri könnunum). Svarendur í Reykjanesbæ nefna margir umbætur á Reykjanesbraut



Mynd 11

Vaxandi fjöldi svarenda vilja sjá umbætur á stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins, en kröfur um umbætur í almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu og lagningu Sundabrautar eru ekki eins áberandi og áður, samkvæmt svörum í þessum könnunum Land-ráðs sf. Óskir um tvöföldun Hvalfjarðarganga er ekki ofarlega í hugum svarenda.




Mynd 12

Þegar litið er á svör þátttakenda eftir byggðasvæðum koma nokkuð skýrar línur í ljós. Svarendur á landsbyggðinni vilja fyrst og fremst bæta Hringveginn og bæta við jarðgöngum í þeirra landshluta. Svarendur í jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins vilja bæta aðalvegi til höfuðborgarsvæðisins. Árborg Suðurlandsveg, Akranes Vesturlandsveg og svarendur í Reykjanesbæ Reykjanesbraut. Svarendur á höfuðborgarsvæðinu vilja bæta stofnbrautakerfið á höfuðborgarsvæðinu sem og styrkja almenningssamgöngur.

B: Innanlandsflug.

Notkun innanlandsflugs – sumartími.

Um 80% svarenda notaði ekki innanlandsflug sumarið 2018, borið saman við 84% sumarið 2014 og 74% 2010. Flestir flugu einu til tvisvar sinnum og um 5% oftari en 8 sinnum. Meðalfjöldi flugferða sumarið 2018 var 0,6 flugferð. Þetta eru svipaðar tölur og í síðustu könnunum.




Mynd 13

Svarendur á höfuðborgarsvæðinu fóru að meðaltali í 0,4 flugferðir sumarið 2018 og svarendur í jaðarbyggðum þess síðustu árin, um ein ferð á ári að meðaltali, en notkun svarenda í landsbyggðakjörnum hefur vaxið frá 2014, er komið í tæplega 5 ferðir á ári úr 4,4. Svarendur á Ísafirði og nágrenni nota innanlandsflug mun meira en svarendur í hinum landsbyggðakjörnum þ.e 8,4 ferðir 2018, borið saman við 5,4 ferðir á Egilsstöðum og 3,6 ferðir frá Akureyri. Vond vetrarfærð á vegum frá Ísafirði til höfuðborgarinnar skýrir að hluta til meiri notkun innanlandsflugs en frá hinum tveimur landsbyggðakjörnum. Rúmlega helmingur svarenda á Egilsstöðum og Ísafirði nota innanlandsflug oftari en þrisvar sinnum á ári, en um þriðjungur svarenda á Akureyri. Meðalfjöldi ferða með innanlandsflugi eykst með aldri, hærrí tekjum og meiri menntun. Miðgildi ferða frá landsbyggðakjörnum þremur eru 2 ferðir á ári.

Innanlandsflug allt árið.


Notkun innanlandsflugs allt árið hefur verið svipað hjá svarendum á höfuðborgarsvæðinu og jaðarbyggðum þess síðustu árin, um ein ferð á ári að meðaltali, en notkun svarenda í landsbyggðakjörnum hefur vaxið frá 2014, er komið í tæplega 5 ferðir á ári úr 4,4. Svarendur á Ísafirði og nágrenni nota innanlandsflug mun meira en svarendur í hinum landsbyggðakjörnum þ.e 8,4 ferðir 2018, borið saman við 5,4 ferðir á Egilsstöðum og 3,6 ferðir frá Akureyri. Vond vetrarfærð á vegum frá Ísafirði til höfuðborgarinnar skýrir að hluta til meiri notkun innanlandsflugs en frá hinum tveimur landsbyggðakjörnum. Rúmlega helmingur svarenda á Egilsstöðum og Ísafirði nota innanlandsflug oftari en þrisvar sinnum á ári, en um þriðjungur svarenda á Akureyri. Meðalfjöldi ferða með innanlandsflugi eykst með aldri, hærrí tekjum og meiri menntun. Miðgildi ferða frá landsbyggðakjörnum þremur eru 2 ferðir á ári.



Mynd 14

Flug til útlanda.

Bankahrúnið 2008 hafði mikil áhrif á ferðafjölda landsmanna til útlanda. Meðalfjöldi flugferða til útlanda féll úr tæplega 2 ferðum á ári 2007 í 1,1 ferð 2010. Síðan hefur meðal ferðafjöldi farið vaxandi, voru 2 ferðir 2014 og 3 ferðir 2018. Miðgildi allra ferða til útlanda 3018 eru 2 ferðir á ári. Svarendur á höfuðborgarsvæðinu fara mun oftar til útlanda með flugi en aðrir landsmenn samkvæmt þessum könnunum Land-ráðs sf. Tæplega 4 ferðir að meðaltali 2018 borið saman við 2,6 ferðir svarenda í jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins og 1,9 ferðir svarenda í landsbyggðakjörnum.




Mynd 15

Eldra fólk flýgur almennt oftar til útlanda en yngra fólk. Svarendur sem búa vestan Kringlumýrarbrautar fljúga oftar en aðrir á höfuðborgarsvæðinu og Ísafirðingar og svarendur í Reykjanesbæ oftar en samanburðarhópar. Eins og í innanlandsflugi eykst tíðni flugs til útlanda með meiri menntun og hærri launum.


Á að flytja flugstarfsemi úr Vatnsmýri?

Land- ráð sf hefur spurt um viðhorf landsmanna til flugstarfsemi í Vatnsmýri í meira en áratug. Allt frá 2008 hefur meirihluti svarenda viljað að flugstarfsemi verði áfram í Vatnsmýri. Hefur það hlutfall oftast verið á bilinu 55% - 60%. Lægsta hlutfallið er í þessari nýju könnun rúm 50%. Ef aðeins er tekið tillit til svara þeirra sem tóku afstöðu (ekki hlutlausra) er hlutfall þeirra sem vilja ekki flugstarfsemi burt úr Vatnsmýri 63% og fylgjandi flutningi 37%



Mynd 16


Hlutfall svarenda sem vill flytja flugstarfsemi burt úr Vatnsmýri hefur farið vaxandi í nýjstu könnunum, var 22% 2010 og komið í 30% 2018. Hlutlausir hafa verið á bilinu 15% - 20%. Hlutfall þeirra sem ekki vilja flytja flugstarfsemi úr Vatnsmýri hefur lækkað umtalsvert frá 2014 er það var 62% en er 50% sumarið 2018.



Mynd 17

Pegar svör eru brotin niður eftir búsetu tímabilið 2010 til 2018 kemur í ljós að milli 80% til 90 % svarenda í landsbyggðakjörnum vilja ekki flytja flugstarfsemi úr Vatnsmýri, 45% - 50% í jaðarbyggðum og 45% til 55% svarenda á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfallið fyrir höfuðborgarsvæðið 2018 38% er það lægsta sem komið hefur fram í þessum könnunum en það var 54% 2016.

Síðustu fjögur árin hefur dregið úr andstöðu við mögulegan flutning flugstarfsemi úr Vatnsmýri, sérstaklega meðal svarenda á höfuðborgarsvæðinu. Frá 2007 til 2010 jókst andstaðan við að flytja flugstarfsemina og mun mörgum hafa þótt skynsamlegra að nota opinbert fé í önnur verkefni á árunum eftir bankahrunið. Ef aðeins er tekið tillit til þeirra sem tóku afstöðu (ekki hlutlausra) voru 53% svarenda á höfuðborgarsvæðinu hlynnt flutningi flugstarfsemi úr Vatnsmýri og 47% vildi hafa hana á sama stað þ.e. meirihluti vill flugið burt úr Vatnsmýri.




Mynd 18

Eins og sjá má á línuritinu hér að ofan vill meirihluti svarenda í Reykjavík sem býr vestan Elliðaárvogar (Reykjavík I og II) flugstarfsemina í burtu en aðeins þriðjungur þeirra sem búa fjær flugvellið eru sama sinnis. Um 47% Reykvíkinga vilja fá flugstarfsemina burtu úr Vatnsmýrinni en 53% vilja flugstarfsemina áfram á sama stað. Eldri svarendur vilja síður flugið í burtu. *Ef aðeins er tekið tillit til þeirra sem tóku afstöðu (ekki hlutlausra) vilja 57% svarenda í Reykjavík flugstarfsemina burtu úr Vatnsmýrinni.*

Ef ekki Vatnsmýri – hvert á þá að flytja flugstarfsemina?

Meirihluti svarenda nefnir Keflavík. Þá fer stuðningur við Hvassahraun vaxandi en stuðningur við Löngusker fer minnkandi. Um 10% nefna Hólmsheiði. Aðrir staðir sem nefndir eru undir annað eru; nærri Selfossi, Borgarfjörður, og Álftanes. Margir nefna nálægð við spítala og landsbyggðabúar vilja margir ekki Keflavík. Flestir svarendur í Reykjanesbæ vilja innanlandsflugvöll í Keflavík og margir Árborgarbúar nefna Hólmsheiði sem er næst þeim af valkostunum.




Mynd 19

Athygli vekur að flestir svarendur á Akureyri og Egilsstöðum nefna Keflavík. Ekki er mikill munur á svörum eftir borgarhlutum á höfuðborgarsvæðinu en rúmlega helmingur svarenda nefnir Keflavík.

Hvert á höfuðborgarsvæðinu átt þú oftast erindi?

Þeir sem notuðu innanlandsflug voru spurðir hvar á höfuðborgarsvæðinu þeir ættu oftast erindi. Yfir 60% svarenda á oftast erindi á nesinu vestan Elliðaárvogar, þar af 32% vestan Kringlumýrarbrautar þ.e. í miðborgina og nágrenni. Miðað við könnun 2014 hefur heldur dregið úr sókn í miðborgina en vaxandi fjöldi nefnir svæðið milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar sem og sunnan Fossvogsdals (Smáratorg). Spurning er hvort vaxandi fjöldi erlendra ferðamanna í miðborginni hafi fælingarmátt fyrir landann?




Mynd 20

Ef litið er nánar á hverjir eiga oftast erindi í miðborgina er það ungt fólk og fleiri karlar en konur. Konur sækja meira á staði miðsvæðis í Reykjavík (Kringluna) og suðurhluta höfuðborgarsvæðisins (Smáralind). Svarendur í landsbyggðakjörnum eiga hlutallslega oft erindi í miðborgina og sunnan Fossvogsdals (Smáralind).

C: Ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu


Meðalferðatími heimili til vinnu.

Samkvæmt könnun Land-ráðs sf hefur meðalferðatími svarenda á höfuðborgarsvæðinu frá heimili að vinnustað lengst ár frá ári. Hann var níu og hálf mínúta 2007 og kominn upp í rúmar 14 mínútur sumarið 2018. Þetta kemur fáum á óvart þar sem umferðarþungi hefur vaxið hratt undanfarin ár og umferðartafir kvölds og morgna fer vaxandi á helstu umferðaræðum. Ungt fólk og karlar eru lengur á ferðinni en aðrir og eins þeir sem eru með lágar tekjur. Miðgildi ferða milli heimilis og vinnustaðar eru 11 mínútur, þremur mínútum styttri en meðaltalið, sem gefur vísbendingu um dreifðan ferðatíma.




Mynd 21

Tíðnidreifing ferðatíma er umtalsverð. Um 19% svarenda er innan við 5 mínútur frá heimili til vinnustaðar. Um 55% eru á bilinu 6 til 15 mínútur og 15% eru 21 eða fleiri mínútur.



Mynd 22

Meðalferðatími eftir borgarhlutum (sjá kort af borgarhlutum bls 5) er nokkuð mismunandi. Stystur er hann miðsvæðis í Reykjavík (Reykjavík II) rúmlega tólf og hálf mínúta og þar næst í Reykjavík I vestan Kringlumýrarbrautar 13 mínútur og 45 sekúndur.




Mynd 23

Meðalferðatími í austurhluta Reykjavíkur (Reykjavík III) og sunnan Fossvogs er um 15 og hálf mínúta. Þetta eru svipaðar niðurstöður og í fyrri könnunum þ.e. að meðalferðatími er styttri í vesturhluta borgarinnar en í öðrum hlutum höfuðborgarsvæðisins. Miðgildi ferðatíma vestan Elliðaárósa eru 10 mínútur, 13 í Reykjavík III og 15 mínútur í grannsvéitarfélögunum.

Meðalfjöldi ferða.

Meðalfjöldi ferða innan höfuðborgarsvæðisins á virkum degi hefur verið svipaður síðustu árin. Rúmlega 5 ferðir að vetri og heldur færri að sumri en vaxandi.




Mynd 24

Svarendur eru því að fara rúmlega tvær ferðir fram og til baka að meðaltali. Um 63% svarenda eru að fara 2 til 4 ferðir á virkum degi að meðaltali. Rúm 11% eru að fara 10 ferðir eða fleiri og eru það líklega atvinnubílstjórar og aðrir sem þurfa að ferðast mikið vegna vinnu. Miðgildi ferða á höfuðborgarsvæðinu í öllum borgarhlutum eru 4 ferðir.


Hve löngum tíma er eytt í bíl á virkum degi að meðaltali?

Að meðaltali dvelja svarendur á höfuðborgarsvæðinu rúmlega 40 mínútur í bíl á virkum degi að vetri og heldur styttra að sumri þótt meðaltalið fyrir sumarið 2018 sé 41 mínúta jafnt og að vetri. Miðað við meðalfjölda ferða 4,8 er meðalferðatími allra ferða tæpar 9 mínútur sem segir okkur að aðrar ferðir en milli heimilis og vinnu taka yfirleitt styttri tíma en ferðir til og frá vinnu.



Mynd 25

Ferðir til og frá vinnu eru yfirleitt farnar á álagstímum að morgni og um eftirmiðdaga en aðrar ferðir oftast utan þess tíma. Það eru t.d. skutlferðir með börn í tómstundir og ferðir eftir daglegri þjónustu í næsta stórmarkað eða matvöruverslun. Meðaltími í bíl á virkum degi er nokkuð jafn eftir kyni og aldri. Meðaltíminn lengist til muna eftir því sem fleiri börn eru á heimilinu.




Mynd 26

Um 12% svarenda eyða að meðaltali 5 mínútum eða skemur í bíl á virkum degi, en 24% lengur en klukkustund. Þeir svarendur sem ferðast yfirleitt ekki með bíl innan höfuðborgarsvæðisins eru 9% og er það hlutfall lang hæst vestan Kringlumýrarbrautar 16%.

Meðaltími í bíl eftir borgarhlutum er ólíkur. Þeir sem búa í vesturhluta Reykjavíkur vestan Elliðaárvogar eru um 35 mínútur að meðaltali í bíl á virkum degi, en þeir sem búa austur og sunnar á höfuðborgarsvæðinu á bilinu 43 til 49 mínútur. Það munar um þennan tímamismun ef hann er tekinn saman yfir árið sem og kostnað við eldsneyti. Þetta kallar á að jafna dreifingu íbúða- og atvinnusvæða á höfuðborgarsvæðinu þ.e. að auka atvinnuframboð í austur- og suðurhluta höfuðborgarsvæðisins til að stytta lengd ferða til og frá vinnu. Miðgildi dvalar í bíl á virkum degi á höfuðborgarsvæðinu vestan Elliðaárósa eru 30 mínútur, 35mínútur Reykjavík III og 40 mínútur sunnan Fossvogsdals.


Ferðamáti á höfuðborgarsvæðinu.

Einkabíllinn hefur verið ríkjandi ferðamáti á höfuðborgarsvæðinu um áratugi. Frá 2007 hefur hlutur einkabílsins farið stíglækkandi, var 87% árið 2007 og kominn niður í 75% allra ferða 2012 og 2014. Síðan hefur hlutur einkabílsins farið vaxandi í 78% 2016 og 79% 2018. Þessi aukning skýrist fyrst og fremst af miklum innflutningi bíla síðustu misseri sem hefur endurspeglast í vaxandi umferð. Þá er vaxandi fjöldi erlendra ferðamanna á bílaleigubílum hluti af skýringunni á meiri umferð á höfuðborgarsvæðinu sem og annars staðar á landinu.




Mynd 27

Notkun einkabílsins hefur farið vaxandi í öllum borgarhlutum frá 2014. Eins og áður er hlutfall þeirra sem aka um á einkabíl lægst í vesturhluta borgarinnar, 68% vestan Kringlumýrarbrautar (Reykjavík I) og þar næst miðsvæðis í Reykjavík (Reykjavík II) austan Kringlumýrarbrautar. Í austur og suðurhluta höfuðborgarsvæðisins er þetta hlutfall á bilinu 85% - 90%. Konur nota einkabíllinn hlutfallslega meira en karlar og notkunin eykst með aldri svarenda.



Mynd 28


Hluttur annarra ferðamáta en einkabílsins hefur lítið breyst frá síðustu sumarkönnun 2014 nema hluttur þeirra hefur heldur lækkað. Í könnun sumarið 2014 var hlutfall annarra ferðamáta samtals 25% og 21% 2018. Reyndar er hlutfallið lægra því að 2% - 3% ferðast sem farþegar í einkabíl.



Mynd 29

Samkvæmt sumarkönnun 2018 hefur hlutfall þeirra sem nota yfirleitt reiðhjól lækkað mikið úr 8,2% 2014 í 5,5% 2018. Notkun strætó og að ferðast gangandi er ívið lægri 2018 en 2014. Spurning er hvort hið slæma sumarveður suðvestanlands 2018 hafi haft þau áhrif að fólk notaði aðra ferðamáta en einkabíl minna en áður?

Ef lítið er á ferðamáta eftir borgarhlutum 2018 kemur í ljós að hlutfallslega margir eða 32% nota aðra ferðamáta í elsta hluta borgarinnar (Reykjavík I). Ívið færri eða 28% nota aðra ferðamáta í Reykjavík II. Sambærilegar tölur fyrir Reykjavík III og grannsvéitarfélög Reykjavíkur eru 15% og 10%.




Mynd 30

Lágt hlutfall annarra ferðamáta í þessum borgarhlutum skýrist af því hve fáir ganga og hjóla í þessum ytri hverfum höfuðborgarsvæðisins. Í sveitarfélögunum sunnan Fossvogsdals er notkun strætó mun minni en í öðrum borgarhlutum eða aðeins 3% af öllum ferðum á móti 8% til 10% í öðrum borgarhlutum. Sérstakt er hve fáir ferðast yfirleitt sem farþegar í bíl í öðrum borgarhlutum en Reykjavík I elsta hluta borgarinnar. Þar er hlutfallið 4% en aðeins 1% í öðrum borgarhlutum. Karlar hjóla meira og taka oftast strætó en konur. Ungt fólk notar mikið strætó og fær oft far með öðrum. Eldra fólk notar einkabílinn enn meira en þeir sem yngri eru.


Er meiri notkun á öðrum ferðamátum en einkabíl en fyrir 2 árum?

Um þriðjungur svarenda í sumarkönnunum og fjórðungur í vetrarkönnunum segist nota aðra ferðamáta en einkabílinn oftast en þeir gerðu tveimur árum fyrr. Það er greinilegt að valkostir eins og að ganga , hjóla eða taka strætisvagn er ekki eins fýsilegir að vetrarlagi.



Mynd 31

Þá gefur lágt hlutfall sumarið 2018 vísbendingu um að slæmt tíðarfar um sumarið hafi dregið úr notkun annarra ferðamáta en einkabílsins það sumar.




Mynd 32

Það er helst yngra fólk og þeir sem eru búsettir í vesturhluta borgarinnar (Reykjavík I og Reykjavík II) sem segjast nota aðra ferðamáta en einkabílinn oftast en fyrir 2 árum.

Eldri svarendur segjast síður hafa breytt frá einkabílum en yngri aldurshópar. Mest breyting í aðra ferðamáta kemur fram hjá svarendum sem búa miðsvæðis í Reykjavík (Reykjavík II) en minnst hjá svarendum í grannsvæitarfélögum Reykjavíkur. Þeir halda sig frekar við einkabílinn.

Hvaða ferðamáta notar þú meira í dag en fyrir 2 árum?

Sumarkönnun 2018 gefur svipaðar niðurstöður og fyrri kannanir. Flestir segjast ganga meira eða tæp 60%. Næst kemur aukin notkun á strætó tæp 50% og 44% segjast nota reiðhjól meira en þeir gerðu fyrir tveimur árum.



Mynd 33

Það sem sker sig úr við greiningu upplýsingana er að svarendur sem búa í í vesturhluta Reykjavíkur ganga meira en aðrir. Svarendur sem búa í austurhluta borgarinnar nota oftast strætisvagn en áður.


Ungt fólk notar oftast strætisvagna og fær oftast far með öðrum. Konur segjast ganga meira og karlar nota oftast reiðhjól. Svarendur á miðjum aldri segjast nú nota oftast leigubíla.

Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu næstu misseri?

Mikil umræða hefur verið um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu síðustu ár og skiptar skoðanir um hverjar séu brýnustu framkvæmdir til að bæta virkni og öryggi samgangnanna. Land-ráð sf hefur spurt um þessi atriði í könnunum í meira en áratug. Eins og sést á mynd 34 er vaxandi stuðningur við að bæta stofnbrautakerfið á höfuðborgarsvæðinu, enda hefur umferðarþungi og tilheyrandi umferðartafir vaxið hratt síðustu misseri. Meðalfjöldi bíla á heimili á höfuðborgarsvæðinu er 1,7 bílar sumarið 2018. Þá er vaxandi áhugi fyrir því að koma hraðvagnakerfi (borgarlínu) á laggirnar.

Stuðningur við að bæta þjónustukerfi strætó fer minnkandi og eins við að bæta hjóla- og gönguleiðir. Miklar umbætur hafa verið gerðar á hjóla- og göngustígakerfi síðustu 5-6 ár þannig að óskir um frekari umbætur eru ekki eins áberandi síðustu misseri. Minnkandi stuðningur við umbætur á þjónustukerfi strætó fellur ef til vill í skuggann á umræðu um borgarlínu, en hvort tveggja er að sjálfsögðu almenningsvagnakerfi.


Miðborg Reykjavíkur hefur tekið miklum breytingum síðustu ár með fjölgun erlendra ferðamanna og hótélum og annarri þjónustu tengdri ferðamennsku. Hefur byggð í miðbænum þéttst til muna. Því er ekki undarlegt að kröfur um bætt aðgengi og fleiri bílastæði fái vaxandi stuðning.



Mynd 34

Undir annað komu ábendingar eins og að hafa frítt í strætó, mislæg gatnamót á Miklubraut og Kringlumýrarbraut, hvetja til samnýtingar einkabílsins og draga úr þéttingu byggðar. Þá nefna nokkrir fækkun á hraðahindrunum og vilja sjá umbætur á þeim.

Ef litið er til svara eftir borgarhlutum kemur í ljós að stuðningur við umbætur á stofnbrautakerfinu er mestur í ytri byggðum höfuðborgarsvæðisins en minnstur miðsvæðis (Reykjavík II).



Mynd 35


Áhugi fyrir borgarlínu er mestur í eldri hluta Reykjavík vestan Elliðaárvogar (Reykjavík I og II).

Stuðningur við að bæta þjónustu strætó er mestur í ytri byggðum. Stuðningur við umbætur á göngu- og hjólastígum er mestur miðsvæðis í Reykjavík (Reykjavík II).

Ungt fólk vill umbætur í almenningssvagnakerfi (strætó og borgarlínu). Það vill einnig að haldið verði áfram að bæta stígakerfi og auka fjölda bílastæða í miðbænum. Eldra fólk leggur megin áherslu á umbætur á stofnbrautakerfinu og styður einnig bættar almenningssamgöngur.

Hvernig líst þér á hugmyndir um borgarlínu (hraðvagnakerfi)?


Afgerandi meirihluta eða 60% líst vel á hugmyndina, tæplega fjórðungi líst illa á hana og 17% eru hlutlausir. 37% svarenda líst mjög vel á hugmyndina og 15% mjög illa. Svarendum innan við fimmtugt líst mörgum mjög vel á hugmyndina en eldra fólki mjög illa. Stuðningur er minnstur í austurhluta Reykjavíkur (Reykjavík III) og mestur í vesturhluta borgarinnar. Stuðningur við borgarlínu vex með aukinni menntun en ekkert frekar með meiri tekjum. Mikill stuðningur er við borgarlínu hjá þeim svarendum þar sem einn eða enginn bíll er á heimilinu en andstaða hjá þeim þar sem bílarnir eru margir.



Mynd 36

Hvort er mikilvægara, til að minnka umferðartafir á höfuðborgarsvæðinu næstu misseri, að bæta almenningssamgöngur með borgarlínu (hraðvagnakerfi) eða að bæta stofnbrautakerfið?


Um 52% svarenda velja umbætur á stofnbrautakerfinu og 48% borgarlínu þ.e. álíka fjöldi svarenda velur hvorn kost. Meirihluti karla telur bætt almenningsvagnakerfi líklegra til að minnka umferðartafir á höfuðborgarsvæðinu en meirihluti kvenna veðjar á bætt stofnbrautakerfi. Yngra fólk velur borgarlínu en þeir eldri bættar stofnbrautir. Svarendur í eldri hluta Reykjavíkur (Reykjavík I og II) hallast að borgarlínu en svarendur í ytri hverfum höfuðborgarsvæðisins hafa frekar trú á því að umbætur á stofnbrautakerfinu sé árangursríkara til að daga úr umferðartöfum en nýtt hraðvagnakerfi (borgarlína).



Mynd 37

Hverjar af eftirtöldum framkvæmdum ættu að vera í forgangi næstu árin til að draga úr umferðatöfum á höfuðborgarsvæðinu?

Með þessari spurningu er reynt að bjóða upp á fleiri valkosti en hraðvagnakerfi (borgarlínu) og umbætur á stofnbrautakerfinu til að vinna á móti umferðartöfum á höfuðborgarsvæðinu. Svarendur gátu því merkt við alla þá kosti sem þeir töldu skipta mestu máli. Eins og áður merktu flestir svarendur við stofnbrautakostinn eða 51%. Þá kemur hraðvagnakerfið 43% og umbætur á þjónustu strætó 43%. Athygli vekur að 37% velja aukinn sveigjanleika í vinnutíma og 24% betri stýringu umferðarljósa. Þætti sem ekki ætti að vera mjög kostnaðarsamt að hrinda í framkvæmd.



Mynd 38

Uppbygging hjólastíga og aukið framboð af atvinnu- og þjónustuhúsnæði í úthverfum er valið af rúmlega 20% svarenda. Mikill stuðningur við seinni kostinn sýnir glögglega að íbúar höfuðborgarsvæðisins gera sér grein fyrir hvað ójöfn dreifing íbúða- og atvinnusvæða skapar mikla óþarfa umferð á höfuðborgarsvæðinu. Um 4% merktu við takmörkun á fjölda bílastæða á nýbyggingarsvæðum sem er róttækur kostur til að draga úr bílaeign og umferð að því gefnu að almenningsamgöngur batni frá því sem nú er.

Yngri svarendur nefna oftast en þeir sem eldri eru sveigjanleika í vinnutíma, betri stýringu umferðar með umferðarljósum og meira atvinnuframboð í úthverfum. Þeir eru einnig áhugasamari um borgarlínu en þeir sem eldri eru sem hafa mesta trú á umbótum á stofnbrautakerfinu til að draga úr umferðartöfum á höfuðborgarsvæðinu.

Viðauki I Spurningalisti 2018

Könnunin taldi alls 25 spurningar sem skipt var eftir þremur flokkum, ferðir út fyrir búsetusvæði, innanlandsflug og ferðir fólks á höfuðborgarsvæðinu. Sumum spurningum var einungis beint til svarenda innan höfuðborgarsvæðisins og öðrum aðeins beint að svarendum utan höfuðborgarsvæðisins.

- A01 Hve oft ferðaðist þú út fyrir [sveitarfélag] í sumar (júní, júlí og ágúst)?
- A02 Ferðamáti: Hvernig ferðaðist þú oftast út fyrir [area]?
- A03 Hefur þú ferðast með strætó út fyrir [sveitarfélag] í sumar (júní, júlí og ágúst)?
- A04 Hversu oft fórst þú út fyrir [sveitarfélag] í sumar (júní, júlí og ágúst) með strætó?
- A05 Hve oft fórst þú til höfuðborgarsvæðisins í sumar (júní, júlí og ágúst)?
- A06 Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngukerfi landsins á næstu misserum að þínu mati?
- A07 Ferðaðist þú meira eða minna innanlands núna í sumar (júní, júlí og ágúst) en þú gerðir sumarið 2017?
- A08 Hafði fjöldi erlendra ferðamanna áhrif á ferðavenjur eða ferðaáætlanir þínar síðastliðið sumar (júní, júlí og ágúst)?
- A09 Hvaða áhrif hafði fjöldi erlendra ferðamanna á ferðavenjur eða ferðaáætlanir þínar síðastliðið sumar (júní, júlí og ágúst)?
- B01 Hve oft flaugst þú innanlands í sumar (júní, júlí og ágúst)?
- B02 Hve oft flýgur þú að jafnaði innanlands á ári?
- B03 Hve oft flýgur þú til útlanda á ári að jafnaði?
- B04 Ert þú sammála eða ósammála því að flytja eigi miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýrinni í Reykjavík?
- B05 Ef ákveðið verður að flytja miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýri, hvert á þá að flytja hana?
- B06 Hvert á höfuðborgarsvæðinu átt þú oftast erindi?
- C01 Hve langan tíma tekur ferð þín milli heimilis og vinnustaðar að jafnaði (aðra leið)?
- C02 Hve margar ferðir ferð þú að jafnaði á virkum degi?
- C03 Hve löngum tíma telur þú að þú eyðir í einkabíl að jafnaði á virkum degi?
- C04 Ferðamáti: Hvernig ferðast þú að jafnaði innan höfuðborgarsvæðis?
- C05 Notar þú aðra ferðamáta en einkabíl meira núna en þú gerðir fyrir 2 árum - innan höfuðborgarsvæðisins?
- C06 Hvaða ferðamáta notar þú meira í dag en þú gerðir fyrir 2 árum í stað einkabíls - innan höfuðborgarsvæðisins?
- C07 Hvernig líst þér á hugmyndir um hraðvagnakerfi / Borgarlínu á höfuðborgarsvæðinu?
- C08 Hvort er mikilvægara, til að minnka umferðartafir á höfuðborgarsvæðinu næstu misseri, að bæta almenningssamgöngur með hraðvagnakerfi (Borgarlínu) eða að bæta stofnbrautakerfið?
- C09 Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu næstu misseri að þínu áliti?
- C10 Hverjar eftirtaldrá framkvæmda telur þú að ættu að vera í forgangi næstu árin til að draga úr umferðartöfum á höfuðborgarsvæðinu?
- D01 Hversu mörg börn, yngri en 18 ára, búa á heimilinu?
- D02 Hversu margir búa á heimilinu?-börn og fullorðnir samanlagt
- D03 Hversu margir bílar eru á heimilinu?

D04 Býrð þú í eigin húsnæði eða öðru húsnæði?

Viðauki II

Fyrri kannanir Land-ráðs sf á ferðavenjum

Unnið fyrir samgönguyfirvöld

- 1) Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða: *Sumarferðir 2004*, nóvember 2004
- 2) Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða: *Vetrarferðir 2004 – 2005*, ágúst 2005
- 3) *Erlendir ferðamenn á Íslandi: Þróun á ferðavenjum og áhrif á samgöngukerfi*, júní 2006
- 4) *Könnun meðal farþega í innanlandsflugi, í mars – apríl 2006*, september 2006
- 5) *Ferðir til Reykjavíkur frá 16 landsbyggðasvæðum*, október 2006
- 6) *Ferðavenjur sumarið 2007*, janúar 2008
- 7) *Ferðavenjur veturinn 2007 – 2008*, október 2008
- 8) *Könnun á ferðavenjum í mars 2009 (Kreppukönnun)*, apríl 2009
- 9) *Könnun á ferðavenjum sumarið 2010*, október 2010
- 10) *Vetrarferðir 2012*, júní 2012
- 11) *Könnun á ferðavenjum sumarið 2014*, október.
- 12) *Könnun á ferðavenjum veturinn 2015 – 2016*, ágúst 2016
- 13) *Könnun á ferðavenjum sumarið 2018*, október 2018